

Því dæmist rétt vera:

Ákvæði gestaréttardómsins um borgun til setu-
dómarans á ómerkt að vera, en að öðru leyti skal
gestaréttardóminum óraskað. Áfrýjendurnir Magnús
Þórðarson & Co. í Vestmannaeyjum greiði stefndu
G. Gíslason & Hay í málskostnað fyrir yfirdómi
25 krónur, er lúkist innan 8 vikna frá löglegri
birtingu dóms þessa að viðlagðri lagaðför.

Nr. 17/1911:

Þórður J. Thoroddsen
gegn
Þórarni Eyólfssyni.

D ó m u r:

Mál þetta höfðaði Þórður J. Thoroddsen læknir í
Reykjavík fyrir gestarétti Gullbringu- og Kjósarsýslu gegn
stefnda, Þórarni Eyólfssyni þurrabúðarmanni í Kongs-
gerði í Leiru, og krafðist greiðslu á skuld samkvæmt
skuldabréfi dags. 29. nóvbr. 1912 að upphæð 116 kr. 61 e.

Var málið dæmt 19. okt. f. á. með þeim úrslitum,
að stefndi var sýknaður af kröfum áfrýjanda en máls-
kostnaður var látinn falla niður. Þessum dómi hefir
Þórður J. Thoroddsen áfrýjað til landsyfirrættarins með
stefnu dags. 12. apríl þ. á. og krafist þess, að dómi
þessum verði hrundið eða breytt þannig, að stefndi verði
dæmdur til að greiða sér hina umstefndu skuld ásamt

vöxtum frá sáttakærudegi og málskostnað, en til vara hefir hann krafist þess, að stefndi verði dæmdur til að greiða 21 kr. 42 aur., ásamt vöxtum og málskostnað eftir réttarins mati. Hins vegar hefir stefndi krafist þess, að verða syknaður af kröfum áfrýjanda, eða til vara, að honum verði heimilað að synja með eiði fyrir undirskrift sína, eða heimild öðrum veitta til að rita nafn hans undir hið framlagða skuldabréf, og að áfrýjandi verði dæmdur til þess að greiða málskostnað, hvernig sem málið fer.

Svo sem fram er tekið, hefir áfrýjandi lagt fram skuldabréf dags. 29. nóv. 1912, þar sem stefndi skuldbindur sig til að greiða áfrýjanda umstefnda upphæð þannig: 16 kr. 61 e. fyrir 20 marz 1903 og eftirstöðv-arnar 100 kr. á næstu 5 árum eða 20 kr. á ári. Telur áfrýjandi skuldabréf þetta byggt á verzlunarviðskiftum stefnda við verzlunarfélag Rosmhvalanesshrepps, er hann (stefndi) hafi skuldað 95 kr. 19 a., og ennfremur við fyrverandi verzlun Ólafs kaupmanns Ásbjörnssonar í Keflavík, er hann hafi skuldað 21 kr. 42 a., er samanlagt komi heim við upphæð skuldabréfsins. Stefndi hefir frá sinni hálfu neitað því eindregið, að hann hafi undirskrið fyrnefnt skuldabréf eða gefið nokkrum manni heimild til þess að undirskrifa það fyrir hans hönd, og hefir hann nú krafist þess, að fá að neita undirskrift sinni með eiði.

Nafn stefnda er að vísu ritað undir skuldabréfið og einnig nöfn tveggja núlifandi manna, sem vitundarvotta, en annar þessara manna er að sögn áfrýjanda sjónlaus, sem eigi hefir verið mótmælt af stefnda, og getur því ekki nú borið vitni um það, hvort hans eiginhandarnafn sé undir skuldabréfið ritað, en áfrýjandi hefir lagt fram

sýnishorn af rithönd hans, sem stefndi að vísu ekki hefir neitað að væri lík rithönd annars vitundarvottsins, en engu að síður neitar stefndi því afdráttarlaust, að hann sjálfur eða nokkur annar maður eftir hans heimild hafi undirskrifað skuldabréfið. Hvað hinn vitundarvottinn snertir, þá hefir hann í vottorði, er lagt hefir verið fram í héraðsrétti, lýst yfir því, eftir því sem hann bezt minni, þá muni þar til nefndur maður, sem nú er látinn, með leyfi stefnda hafa ritað nafn hans undir oft nefnt skuldabréf. Vottorði þessu hefir verið mótmælt af stefnda, enda hefir það ekki verið staðfest fyrir rétti. Með gögnum þessum hefir áfrýjandi ekki gegn eindregnum mótmælum stefnda sannað undirskrift hans undir skuldabréfið, og verður því að láta úrslit þessa ágreiningsatriðis milli málsaðila vera komin undir eiði stefnda.

Þá heldur áfrýjandi því fram, að þótt stefndi neiti með eiði undirskrift undir skuldabréfið, þá sé skuldakrafa hans eigi þar með fallin; skuldabréfsupphæðin sé byggð á því, að stefndi hafi samkvæmt framlögðum reikningum skuldað kaupfélagi Kosmhvalanesshrepps kr. 95,19, og verzlun Ólafs Ásbjörnssonar kr. 21,42, samtals kr. 116,61, og þessum skuldakröfum, er hann sé eigandi að, geti stefndi ekki gengið frá nema með eiði. Hér fyrir réttinum hefir stefndi haldið því fram, að kröfur þessar, þótt til hefði verið, séu ekki eign áfrýjanda, en þar sem mótmæli í þessa átt hafa ekki komið fram í héraði, heldur ætíð verið gengið út frá því í undirrétti, að áfrýjandinn sé eigandi þeirra, verða þau að teljast of seint framkomin, og verða ekki tekin til greina. Sömu leiðis verður ekki álitid að kröfur þessar séu fyrntar og verða því mótmæli stefnda þar að lútandi ekki tekin til greina.

Af kröfum þessum, samtals kr. 116,61 hefir stefndi neitað því, að hann hafi nokkurn tíma fengið 11 sekki af rugmjöli, er tilfærðir eru á reikninginum og nema kr. 65,45, heldur ekki kannast hann við skuld fyrir útteknar vörur í »Ásgeirsfélagi« kr. 25,97 og loks mótmælir hann framkominni vaxtakröfu kr. 13,05. Þar sem áfryjandi hefir ekki gegn mótmælum stefnda fært neinar sannanir fyrir þessum liðum, samtals kr. 104,47, verða þeir að dragast frá hinni umstefndu kröfu, en eftirstöðvarnar kr. 12,14 ber stefnda að greiða. Stefndi hefir að visu haldið því fram, að áfryjandi hafi látið landsjóð greiða sér 68 kr. 50 au. í skaðabætur fyrir brenda muni stefnda tilheyrandi, en hafi að eins fært honum til reiknings 30 kr. af upphæð þessari, en gegn neitun áfryjanda hefir stefndi ekki fært sönnur á, að áfryjandi hafi tekið á móti meiru en 30 kr. af umræddum skaðabótum og verða þessar umþráttuðu 38 kr. 50 aur. því ekki teknar til greina til frádráttar kröfum áfryjanda.

Samkvæmt framansögðu verða úrslit þessa máls þannig, að svo framarlega sem stefndi synjar fyrir það með eiði, að hann hafi undirritað eða gefið öðrum heimild til að rita nafn hans undir margnefnt skuldabréf, skal hann greiða áfryjanda 12 kr. 14 a. ásamt 5% vöxtum frá stefnudegi, en vera að öðru leyti sykn af kröfum áfryjanda, og fellur þá málskostnaður niður; en vinni stefndi ekki synjunareiddinn, ber honum að greiða áfryjanda umstefnda skuld, kr. 116,61 ásamt 5% vöxtum frá stefnudegi til borgunardags, og auk þess málskostnað fyrir undirrétti og yfirdómi, er ákveðst 60 kr.

Því dæmist rétt vera:

Svo framarlega Þórarinn Eyólfsson eftir löglegan undirbúning á sínu varnarþingi synjar fyrir það með eiði, að hann hafi undirskrifað eða gefið öðrum manni heimild til þess fyrir hans hönd, að undirskrifa skuldabréf það til áfrýjanda Þórðar J. Thoroddsens, er fram hefir verið lagt í málinu og dagsett er 29. nóvbr. 1902, þá greiði hann áfrýjanda 12 kr. 14 a. með 5 % vöxtum frá stefnudegi þang- að til borgun fer fram, en málskostnaður skal falla niður.

Vinni stefndi aftur á móti ekki eiðinn, skal hann greiða áfrýjanda 116 kr. 61 e. ásamt 5 % vöxtum frá stefnudegi til borgunardags og auk þess málskostnað fyrir undirrétti og yfirdómi með 60 kr.

Dóminum að fullnægja innan 8 vikna frá löglegri birtingu hans að viðlagðri aðför að lögum.

Mánudaginn 3. dag júlímán.

Nr. 2/1911:

Magnús Jónsson
gegn

G. Gíslason & Hay.

D ó m u r:

Hinir stefndu, G. Gíslason & Hay, höfðuðu mál þetta fyrir gestarétti Reykjavíkur gegn áfrýjanda, Magnúsi